

Aðalfundur, seinni

Haldinn í húsnæði Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum,
24. janúar 2017 kl.20:00

Fundinn sátu: Sævar Þór Halldórsson, Erla Dóra Vogler, Þórhallur Pálsson, Skarphéðinn Þórisson, Philip Vogler, Guðrún Schmidt og Sóley Valdimarsdóttir.

Bryndís Skúladóttir fylgdist með fundinum í gegnum fjarfundarbúnað frá Seyðisfirði.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Fundarsetning og kjör fundarstjóra og ritara
2. Aðalfundargerð fyrri hluta aðalfundar lögð fram
3. Inntaka nýrra félaga
4. Kosning stjórnar
5. Önnur mál

1. Fundarsetning

Formaður setur fundinn kl. 20:07

Mælt er með Sóley Valdimarsdóttur í starf fundarstjóra og fundarritara. Aðalfundur samþykkir.

Fundarstjóri úrskurðar fundinn löglegan án mótmæla.

2. Aðalfundargerð fyrri aðalfundar lögð fram

Ritari fór yfir fundargerð fyrri aðalfundar sem haldinn var þann 14. desember 2016.

Athugasemdi var gerð lið 6, tillaga að lagabreytingu. Breytingar á 6. og 7. grein voru ekki samþykktar samhljóða, heldur sat einn fundargesta hjá. Brugðist var við þessari athugasemd og fundargerð löguð.

Athugasemd var gerð við lið 3, skýrslu stjórnar. Styrkupp hæð sem fékkst frá Umhverfisstofnun vegna girðingarverkefnisins var í raun 700.000 krónur en hafði misritast sem 900.000 krónur í fundargerð. Brugðist var við þessari athugasemd og fundargerð löguð.

Athugasemd var gerð við lið 9, önnur mál. Bætt var við upplýsingum um hvert Sævar Þór Halldórsson sótti um styrk fyrir ráðstefnum um friðlýst svæði á Austurlandi. Styrkumsóknin var send inn til Umhverfisráðuneytisins og var fundargerð uppfærð í samræmi við þessa ábendingu.

Niðurstaða fundar: Aðalfundur samþykkir fundargerð fyrri aðalfundar með fyrirnefndum breytingum.

3. Inntaka nýrra félaga

Á aðalfundi bættust við tveir félagar; Bryndís Skúladóttir og Þórveig Jóhannsdóttir.

Niðurstaða fundar: Nýjir félagar boðnir velkomnir í samtökin.

4. Kosning stjórnar

Fundarstjóri lýsir eftir framboðum til stjórnar.

- Erla Dóra Vogler
- Sævar Þór Halldórsson (gefur kost á sér sem meðstjórnandi)
- Guðrún Schmidt
- Bryndís Skúladóttir (meðstjórnandi)
- Þórveig Jóhannsdóttir
- Skarphéðinn Þórisson (gefur kost á sér sem varamaður)
- Halldór Walter (gefur kost á sér sem varamaður)

Rætt var um skoðunarmenn reikninga. Ákveðið var að fela næstu stjórn hvernig þeim málum skuli háttað.

Niðurstaða fundar: Ný stjórn var kjörin án mótmæla.

5. Önnur mál

- a) Tilraun var gerð með að senda aðalfundinn út í gegnum fjarfundarbúnað. Einn þátttakandi fylgdist með frá Seyðisfirði. Tekin var umræða um hvernig hefði tekist til. Hljóðið hefði mátt vera betra. Mikilvægt að skoða þennan valmöguleika frekar í framtíðinni þar sem starfsvæði samtakanna er nokkuð víðfemt.

Niðurstaða fundar: Aðalfundur felur nýrri stjórn að skoða frekar þennan möguleika á fundum félagsins í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 20:40.